


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is

Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarkona – sjá bls. 8 – 9.

Ásdís er víðförl kona þó lengst af hafi hún búið í þorpinu 101 Reykjavík þar sem hún ólst upp með þremur systkinum. Foreldrar hennar voru talsvert fullorðin þegar hún fæddist og segist hún sennilega hafa þennan áhuga á þjóðfélagsmálum og sagnfræði vegna umræðu á heimilinu þegar hún var að alast upp.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 8. október 2015 · 40. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak



Súgandafjörður

Ljós. Sigurjón J. Sigurðsson



Í KJÖLFAR BRÍETAR

RÁÐSTEFNA Á ÍSAFIRÐI 23. -24. OKTÓBER 2015

Bríet  Hamraborg
sönn ást



Birna Jónasdóttir

Staða

Staðan er sífrentileg, ég bý eins og er á Ísafirði, er rokkstjóri Aldrei fór ég suður og skipti mér af nánast öllu sem mér kemur ekki við. Á morgun gæti ég verið flutt til Japan að borða sushi eða farin að rækta plómur í Transilvaníu, það eru allavega tvær af mörgum hugmyndum sem komið hafa upp síðustu tvo dagana.

Hvaðan ber þig að?

Er borin og barnfæddur Ís-firðingur, mamma er nú samt frá Hafnarfirði en hefur held ég nýlega náð þeim áfanga að hafa búið lengur hér vestra en fyrir sunnan. Svo hún er nú eiginlega bara Ísfirðingur. Ég fæddist með hina alræmdu Vestfjarðarþrjósku og þrátt fyrir að hafa trallað um heiminn og lært margt þá held ég að það sé þessi þrjóska sem

kemur manni þangað sem maður vill fara.

Hvati

Ég ákvað fyrir nokkrum árum að gera bara það sem mér finnst skemmtilegt, vera ekki að eyða tíma í vitleysu sem ég hefði ekki gaman af. Reyndar er það yfirleitt vitleysa sem ég hef gaman af svo mögulega er þetta ekki besta hugmynd sem ég hef fengið. En ég hef staðið mig ágætlega í að halda þessu og ætla að reyna að halda því áfram. Um leið og mér fer að leiðast þá er kominn tími á að breyta til, finna nýjar áskoranir og láta mér detta eitthvað skemmtilegt í hug.

Straujárn eru til þess gerð að bræða undir skíði, mér líður ágætlega í krumpuðum fötum.

Fyrirmynd

Það eru svo margar töff konur í heiminum. Ég hef alltaf verið dálídið skotin í Vigdís Finnboga, frá því að ég var lítill þá fannst mér hún kúl og yfirleitt er það hún og forsetastarfið sem ég segi fyrst

frá þegar ég er spurð út í Ísland. Ég átti líka ömmu sem var algjör dreki, mér fannst hún óttaleg frekja þegar ég var yngri en svo þegar ég fór að eldast áttaði ég mig á því að það er gott að vera dálídið frekur stundum. Nú er ég mjög fegin að hafa erfð þennan eiginleika hennar.

Sú fyrirmynd sem ég kannski horfi helst til núna er vinkona mín, hún Lucy. Hún gerir bara það sem hana langar til, ferðast um heiminn til að surfa og kenna yoga. Þegar við kynntumst fyrir 5 árum síðan var hún atvinnudansari og kunni ekkert á snjóbretti, en var fljót að ná tökum á brettinu og nú skuldar hún mér brimbretta tíma. Á þessum 5 árum hefur hún stofnað fyrirtæki sem saumar og selur poka utan um brimbretti, kennir yoga og flakkar um heiminn til þess að sameina vinnu og skemmtunina í surfinu.

Æskudraumur?

Þetta með að lifa í núinu hefur verið prentað í mig frá byrjun held ég bara, það er nóg að gera

á líðandi stundu svo maður sé nú ekki líka að eyða orku í hvað verður eða hvað maður gerði áður fyrr. Aðalmálið er að hafa gaman af því sem maður er að gera og þá reddast rest. Ég hef aldrei verið þekkt fyrir að spá mikið í framtíðinni og hef verið þannig alla tíð, ég hef aldrei tekið „skynsamlegar“ ákvarðanir bara af því að það er gott fyrir framtíðina. Framtíðin er eins og hún er af því að maður tekur misgáfulegar ákvarðanir á leiðinni í hana.

Mér þykir samt ekkert ósennilegt að ég hafi ætlað að verða BMX kappi og einhverntíman ætlaði ég eflaust að verða eins og Anja Pärson skíðadrottning, forseti eða veðurfréttakona. En þrátt fyrir að ég ætti sennilega best heima í kennslustarfi þá varð Vestfjarðarþrjóskan til þess að mér datt ekki í hug að feta þá braut, bara af því að mamma var alltaf að segja að ég ætti eftir að verða kennari.

birnajoknas



Finnbogi Hermannsson

Veðrabrigði Hugleiðing eftir að hafa horft á kvikmyndina Veðrabrigði

Ef geimverurnar sem áttu að lenda á Snæfellsnesi fyrir nokkrum árum, hefðu nú í alvöru lent á Flateyri, Þingeyri eða jafnvel í Súðavík, væru íbúarnir enn að koma þeim í skilning um hvers vegna þeir mættu ekki renna fyrir fisk út af firðinum. Þeir hefðu nefnilega verið of seinir til jarðarinnar enda hafði geimferðaáætlun Marsbúa orðið að lúta niður-skurði árin þar á undan. Það sama gildi um þá innfæddu, nema þá sem átt höfðu bátskrifli sem róið hafði verið þau ár sem hlutu nafngiftina viðmiðunarár. Menn sem búnir voru að draga í naust og áttu þar kannski fúinn bát, fengu úthlutað aflaheimildum, ef þeir höfðu veitt einhverja fiska á fyrri hluta viðmiðunaráranna. Meira að segja bara fyrsta árið. Síðan eru liðin 31 ár, nær þriðjungur aldar. Auðvitað fengu alvöruútgerðir sinn kvóta og dæmi um að kvótinn fylgdi skipstjóranum en ekki skipinu. Var það kallaður skipstjóra-kvóti. Til þess lágu rök sem enginn hefur getað útskýrt og því datt engum í hug að reyna að útskýra það fyrir Marsbúunum. Með sömu óútskýranlegu rökunum voru byggðir togarar norður á Akureyri sem

virtust hafa öðlast aflareynslu inni í skipasmíðastöðinni. Þetta voru kölluð Raðsmíðaskipin. Sömuleiðis var ekki reynt að útskýra málið fyrir aumingja Marsbúunum. En þeir virtust botna eitthvað í því að þeir sem áttu fúafleyturnar og hættir að róa, gátu leigt kvótann. Þetta var nánast eins og þegar framliðnir menn drukku gegnum lifendur og ekki mátti farga fjörolallanum því gegnum hann fór fiskurinn.

Örlagaárið mikla var 1984. Þá voru svona fimmtán ár frá því að skuttogaraöldin gekk í garð. Öflugum veiðiskipum hafði mjög fjölgað og kominn togari inn á hverja vík og á hvert nes. Fór ekki hjá því að bolfiskstofnum hnignaði. Flestir núlifandi menn hafa gleymt Skrapdagakerfinu. Komið á til að hvíla þorskin. Fyrst var þetta kerfi læst sem kallað var en þegar olíverð var orðið ofboðslegt, var kerfið opnað og fiskimenn gátu farið á milli tegunda á rúmsjó og sparað olíu og tíma. Engum datt í hug að útlista þessa aðferð fyrir Marsbúum sem bara klóruðu sér í sköllóttu höfðinu, því jarðarbúar hafa ætíð uppteiknað Marsbúa nauðasköllóttu af einhverjum ástæðum.

Þeir skyldu þó ekki vera með

bítlahár þegar allt kemur til alls?

Jæja. Nú er svo komið að fáeinir fjölskyldur hafa (eiga) nýtingarétt á öllum auðlindum sjávar kringum Ísland. Talið að allt tosið leggi sig á eittþúsund milljarða, til eða frá. Meira að segja trjónukrabbinn sem Steinólfur Lárusson í Fagradal á Skarðströnd ætlaði að gera sér mat úr er í eigu Hornfirðinga!! Hefur öll sú eignasöfnun gerst á aldarþriðjungi með ráðdeild og sparsemi útgerðar- og fjármálamanna hvers konar.

Eftir að Framsalið varð til árið 1990 færðist aldeilis fjör í leikinn. Bæði með framsalinu og frá því að hægt var að veðsetja óveiddan fisk, urðu til umtalsverðir peningar í landinu. Hafa síðan verið hugrenningatengsl milli kvótapeninga og glerveggja í Reykjavík suður. Mikið af glerinu varð Hruninu að bráð 2008 og lenti í fanginu á sjálfu Ríkinnu. Alveg eins og glerverksmiðjan varð fallítt herna um árið, enda byggð á sandi alveg eins og glerin vestar í borginni.

Guð blessi Ísland.

Nú er súpan tilbúin

Er hér nú orðinn til ærinn inngangur að umtalsefni dagsins sem er kvikmyndin Veðrabrigði eftir hana Ásdísi Thoroddsen. Má ekki rugla henni saman við Veðramótin hennar Dunu sem tekin var í Breiðuvík. Reyndar

— Sjónarmið —

fjalla báðar um vandræðafólk, önnur um vandræðaunglinga, hin um vandræðastjórnmálamenn. Á Flateyri var svo sem ekki mikið minnst á stjórnmálamenn eða afleiðingar gjörða þeirra í tímans rás. Enda var súpan skyndilega tilbúin þegar hitna fór í kolunum á fundi með tilteknum þingmönnum kjördæmisins og talið látið niður falla. Í Veðrabrigðum eru leikararnir þeir sjálfir og koma nokkuð til dyranna eins og þeir eru klæddir. Rakin hörmungarsaga atvinnulífsins á Flateyri í menúett við kvótakerfið og rökun á stöðu og högum innbyggjaranna. Venjulegs fólks sem hefur þá einu hugsun að vinna í friði fyrir brauði sínu og eiga heima í Öndarfirði. Mér liggur við að vitna í Ara Jósefsson, kemst ekki hjá því:

Undarlegir eru menn sem ráða fyrir þjóðum.

Þeir berjast fyrir föðurland eða fyrir hugsjón og drepa okkur sem eigum ekkert föðurland nema jörðina enga hugsjón nema lífið

Mikið held ég að ságreifarnir hlægi ef þeir skyldu nú horfa á Veðrabrigði. Sjá þessa bláeygu sakleysingja að biðja um leyfi til að veida fisk út af Barðanum, jafnvel úti í Víkurál. Veit þetta fólk ekki að við eigum allan fiskinn í sjónum, meira að segja

bútunginn og skerjasteinbítinn við Eyrina. Frá þessu var gengið fyrir löngu. Eina tilslökunin var gerð þegar Gummi golli kom í gegn línuívilnunni á landsfundi Flokksins og það voru Hvatar-kerlingarnar í Reykjavík sem studdu Gumma í þessu og var látið gott heita, ha, ha og skál fyrir Fjölni og Fróni og allt það.

Fóru nú að renna tvær grímur á Marsbúana með búsetu á Flateyri eða Þingeyri eða Súðavík. Svonalöguðu höfðu þeir ekki vanist á Mars. Þar mátti hver Marsbúi fiska sér í soðið og jafnvel salta og frysta og selja í innskrift hjá kaupmanninum. Að örfáir landsmenn á þessu skeri á jörðinni skyldu eiga allar auðlindirnar, þetta var greinilega frumstæður þjóðflokkur.

Þegar þeir fóru í sjoppuna og fengu að líta í blöðin, var þeim sagt að kerling ein í Vestmanna-eyjum ætti feitasta blaðið í rekkanum og hét Morgunblaðið. Sú gerði út skip og verkaði fisk og átti stóran hluta af honum óveiddum og ófæddum. Hún héldi úti þessu blaði ásamt sínum líkum og sletti í það milljónum í réttu hlutfalli við tapið á blaðinu. Nú alveg nýlega 80 milljónum, bara sisona.

Varð nú Marsbúum ofboðið og tóku til við að gera við púströrið á geimfarinu. Spenntu svo á sig beltin og skelltu undir nára til Noregs.



IS/ENSKA/SLA/IS/MSA/7631/10/15

NÝTT BRAGÐ

Kolvetnaskert og próteínríkt með suðrænu bragði



– Nýtt KEA Skyr með
ananas og mangó.



STEVIA
Náttúrulegur
sætugjafi



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Vinnudeilur og Hollívúd

Enn á ný eru vinnudeilur í heilbrigðiskerfinu, sjúkraliðar eru á leið í verkfall, lögreglumenn væru það sennilega líka ef þeir hefðu verkfallsrétt. Ráðamenn eru ráðalausir vegna „gríðarlegra“ launahækkana undanfarið ár en stærstur hluti almennings ströggla í hverjum mánuði við að ná endum saman. Það hlýtur að vera eitthvað vitlaust gefið þegar fullvinnandi fólk getur ekki framfleytt sér? Það er eitthvað undarlegt við rekstur sem getur ekki greitt starfsfólki sínu laun sem duga fyrir föðri og skjólflikum!

Hollívúd Vestfjarða hefur aldeilis fengið að njóta sín að undanförunu. Kvikmyndin Þrestir var frumsýnd á Íslandi í liðinni viku og hefur hún fengið gríðargóða dóma. Myndin, sem leikstýrt er af Rúnari Rúnarsyni, fjallar um ungan pilt sem sendur er til föður síns á Flateyri og er bæði ljúf og fyndin en um leið svo ótrúlega miskunnarlaus og mannlegur breyskleiki er sýndur í allri sinni ömurlegustu mynd. Myndin er að mestu tekin upp á Flateyri og koma margir bæjarbúar fyrir í myndinni, ekki allir fullklæddir. Þeir Ingvar E. Sigurðsson og Atli Óskar Fjalarsson fara með hlutverk feðgana í myndinni og þar vantar ekkert á hæfileikana, Kristbjörg Kjeld er sömuleiðis stórkostleg sem amman. Taka má undir orð Hjördísar Stefánsdóttur kvikmyndagagnrýnanda Morgunblaðsins, „Foreldrar, gætið barna ykkar!“ en þannig líður áhorfandum að lokinni sýningu.

Heimildarmyndin Veðrabrigði var frumsýnd á Flateyri á laugardaginn. Leikstjóri myndarinnar er Ásdís Thoroddsen, barnabarn okkar fræga Skúla Thoroddsen og Theodóru Thoroddsen en framleiðandi hennar er Hjálmtýr Heiðdal. Myndin hefur verið ein 6 ár í smíðum og fjallar hún kvótakerfið og afleiðingar þess á sjávarþorpið Flateyri. Viðtöl eru tekin við nokkra bæjarbúa og myndskreið frá hátíðarstundum þorpsins eins og sjómannaþegi, gamlárskvöldi og þorrablóti. Myndin gæti hafa verið tekin í þeim fjölmörgu litlu sjávarplássum sem orðið hafa undir vegna breytinga í sjávarútvegi, breytinga af mannavöldum. Veðrabrigði mun verða sýnd í Bíó Paradís og á RÚV í vetur, þetta er vel unnin og falleg mynd um erfiða hluti.

BS

Spurning vikunnar

Skiptir það þig máli hvar eða hvernig vara er framleidd?

Alls svöruðu 266.

Já ég skoða t.d. upprunaland, aðbúnað starfsmanna, dýravernd o.fl., sögðu 162 eða 61%

Nei, skiptir mig engu máli, sögðu 104 eða 39%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Gestir kaffiþóðsins munu vafalítið rifja upp margar minningar úr firðinum sínum fagra.

Súgfirðingakaffið á sunnudag

Árlegt kaffiþóð Súgfirðingafélagsins verður í Bústaðakirkju á sunnudag. Allir sem á einhvern hátt tengjast Súgandafirði eða Súgfirðingafélaginu eru velkomnir í kaffi og kökur gegn vægu gjaldi. Sú hefð hefur

skapast að flestir komi með köku með sér á hlaðborðið og hefur veisluborðið oft svignað undan kræsingunum. Stjórn viðlagasjóðs hefur staðið að kaffinu síðan 1954 en allur ágóði er veittur í góð mál í nafni Súgfirðingafé-

lagsins. Viðburðurinn er einn best sótti viðburður félagsins og alltaf er nægt pláss fyrir góða gesti þó stundum megi þröngt sátir sitja. Samkoman hefst klukkan þrjú.

annska@bb.is



Umsjónarmaður verslunar Lyfju Ísafirði

Við leitum að metnaðarfullum og skipulögðum starfsmanni til að hafa umsjón með versluninni. Starfið felst m.a. í yfirumsjón með uppstillingu á vörum, fylgjast með sölutölum og stjórna pöntunum á vörum með sjálfvirkri pöntunarkerfi í samræmi við ákvarðanir fyrirtækisins. Samskipti við birgja varðandi vörur í versluninni í samráði við verslana- og markaðssvið Lyfju hf. Yfirumsjón með að verslunin sé hrein og snyrtileg. Veitir ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Vinnutíminn er frá 10:00-18:00 alla virka daga og frá 10:00-13:00 þriðja hvern laugardag.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í sem fyrst.

Nánari upplýsingar

gefa Jónas Þ. Birgisson, lyfsali Lyfju Ísafirði

í síma 456-3009, jonas@lyfja.is og Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri

í síma 530-3800, hallur@lyfja.is

Sækja má um starfið á heimasíðu okkar www.lyfja.is

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. hvetjum við karla jafnt sem konur til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.



Uppskeruhátíð yngri flokka vorið 2015

Körfubolti á Ísafirði í 50 ár!



Meistaraflokkur KFÍ. Ljósmynd: Ingvi Stígsson.

Vetrarstarf Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar (KFÍ) er hafið enda eru Íslandsmót í öllum aldurshópum um það bil að hefjast nú í október. Fyrstu fjölliðamót yngri flokka fara fram um miðjan mánuðinn bæði hér heima og að heiman. Meistaraflokkur karla hefur keppni í 1. deild Íslandsmótsins þann 16.

október og fyrsti heimaleikur liðsins í deildinni er þann 23. október. Ekki má heldur gleyma að á þessu ári eru stór tímamót í íþróttalífinu á Ísafirði því KFÍ fagnar 50 ára afmæli sínu í ár.

Allir velkomnir í yngri flokka
KFÍ býður upp á æfingar fyrir stráka og stelpur í öllum

aldurshópum og má nefna að hlutfall kynjanna er mjög jafnt hjá félaginu. Yngstu iðkendurnir eru 4–5 ára og mæta einu sinni í viku í svokallaða krílakörfu en börn á leikskólaaldri eiga þess einnig kost að mæta í Íþróttaskóla KFÍ sem Árni Heiðar Ívarsson íþróttakennari hefur umsjón með og fer fram á Torfnesi á laugardögum. Í krakkakörfunni eru börn á aldrinum 6–7 ára, síðan koma minniboltaflokkar upp í 6. bekk en eftir það eru flokkar eldri iðkenda frá 7. flokki upp í unglingaflokka. Margir reyndir þjálfarar stýra yngri flokkunum í vetur og hefur þjálfarahópurinn sjaldan verið öflugri.

Æfingar á vegum félagsins fara fram á þremur stöðum: Í íþróttahúsinu Torfnesi, í íþróttahúsinu við Austurveg og í íþróttahúsinu Árbæ í Bolungarvík. Eldri flokkarnir taka þátt í Íslandsmóti KKÍ en yngri flokkarnir fara á ýmis minniboltamót félaga, s.s. Sambíómótið í Grafarvogi og Nettómótið í Reykjanesbæ.

Yngri flokkastarfið teygir anga sína víða

KFÍ hefur um árabil unnið að því að ná til barna og unglinga í nærsvæitum Ísafjarðar og nú koma iðkendur félagsins úr flestum byggðakjörnum á norðanverðum Vestfjörðum, þ.e. frá Þingeyri, Suðureyri og Bolungarvík. Samstarfið við Bolungarvík á sér langa sögu en í haust var það fest enn betur í sessi með samstarfi KFÍ og UMFB við gerð æfingatöflu. Þá hafa KFÍ og Héraðssamband Strandamanna



Strákarnir í 8.-10. flokki ásamt Nebojsa Knezevic þjálfara sínum.

tekið höndum saman um að tefla fram sameiginlegum liðum í tveimur aldurshópum drengja í Íslandsmóti KKÍ í vetur, 8. flokki og 10. flokki. Markmiðið með samstarfinu er að gefa ungu fólki á Ströndum tækifæri til að æfa og keppa í körfuknattleik og styrkja þannig um leið æfingahópana sem fyrir eru á Ísafirði.

Í barna- og unglingastarfi félagsins er mikil áhersla lögð á gott samstarf við iðkendur og foreldra þeirra. Haldnir eru foreldrafundir í upphafi hvers hausts þar sem farið er yfir vetrarstarfið og ýmis mál rædd sem viðkoma hverjum flokki fyrir sig. Einnig eru haldnir fundir með foreldrum þegar skipuleggja þarf ferðir á mót. Almennt er lögð áhersla á góða upplýsingagjöf þannig að allir geti verið upplýstir um það sem er að gerast hverju sinni innan félagsins og/eða viðkomandi flokks. Heldur félagið bæði úti heimasíðu (www.kfi.is) og facebook-síðu (KFÍ og KFÍ yngri

flokkar) auk þess sem allir flokkar eru með eigin facebook-síður.

Körfuboltabúðir í fremstu röð

Árlega stendur félagið fyrir Körfuboltabúðum KFÍ sem eru stærsta einstaka verkefnið sem félagið ræðst í hverju ári. eru þær haldnar í byrjun júní og standa í fimm daga. Þangað mæta krakkar af öllu landinu á aldrinum 10–16 ára og njóta kennslu innlendra og erlendra þjálfara í fremstu röð. Í ár var einnig boðið upp á lítill námskeið fyrir 6–9 ára og tókust þau vel. Það er sérstaklega ánægjulegt hversu vel hefur tekist til með þetta verkefni því búðirnar njóta nánast fullsetnar undanfarin ár. Búðirnar eru þær veglegustu sem völ er á hér á landi.

Meistaraflokkur

Undirbúningstímabil meistaraflokks karla hefur staðið yfir af



Florijan Jovanov, leikmaður meistaraflokks í leik á síðasta tímabili. Ljósmynd: Ingvi Stígsson.



Núverandi 7. flokkur stúlkna á fjölliðamóti á Ísafirði haustið 2014 ásamt Evu Kristjánsdóttur sem þjálfaði stelpurnar síðasta vetur með Labrenthiu Murdock.



Frá minniboltamóti í Bolungavík vorið 2015



Frá undirritun samninga meistaraflökksleikmanna síðastliðið vor. Birgir Örn Birgisson, þjálfari ásamt Ingólfi Þorleifssyni, formanni KFÍ og leikmönnum.



Hressar KFÍ stelpur á páskaeggjamóti 2015.

krafti frá því í ágúst. Undanfarnar vikur hefur liðið undirbúið keppnistímabilið í 1. deild karla með þátttöku í Lengjubikurnum og á næstunni mun liðið spila nokkra æfingaleiki áður en alvara Íslandsmótsins tekur við með útileik við Þór á Akureyri 16. október en fyrsti heimaleikurinn er gegn Reyni Sandgerði hér heima þann 23. október. Liðið hefur tekið nokkrum breytingum frá síðastliðnu keppnistímabili. Í stuttu máli hefur hópurinn breikkað og stækkað þótt nokkrir öflugir leikmenn hafi horfið á braut. Æfingahópurinn telur um 17 leikmenn sem flestir eru uppaldir hjá KFÍ, eða hafa leikið með liðinu um árabíl, auk nokkurra aðkominna leikmanna. Fjölgunina í æfingahópnum má ekki síst rekja til þess að nokkuð stór hópur heimamanna hefur ýmist snúið aftur til félagsins eða tekið fram körfuboltaskóna á nýjan leik. Það eru því spennandi tímar framundan hjá KFÍ og vonast stjórn félagsins til að sjá sem flesta stuðningsmenn á leikjum liðsins hér heima í vetur til að styðja við bakið á þessu unga liði.

Því miður lagðist meistaraflökkur kvenna af eftir síðasta keppnistímabil þrátt fyrir góðan árangur liðsins sem komst alla leið í úrslit 1. deildar. Hópurinn þá var fámennur í fyrra og mátti litlu muna þá að ekki næðist að tefla fram liði. Þegar ljóst var að kjarni liðsins væri á förum var því miður sjálfhætt með meistaraflökk kvenna að sinni. Stjórn KFÍ hefur þó ekki lagt árátt þegar kemur að kvennakörfunni enda fyrirséð að stór hópur ungra og efnilegra stelpna kemur upp úr yngri flokka starfinu þegar fram líða stundir.

Þá má geta þess að nokkrir leikmenn sem komnir eru af léttasta skeiði munu tefla fram

liði í B-liða keppni KKÍ á komandi tímabili, með smá hjálp frá meistaraflökki karla. Það er alltaf pláss fyrir áhugasama í þeim hópi enda vænlegra til árangurs að hafa fleiri en færri í hópi manna sem mega muna sinn fífil fegurri. Hópurinn mun hittast einu sinni í viku til að sprikla og er þetta meira í gamni gert en alvöru. Áhugasömum er bent á að hafa samband við forsvarsmenn KFÍ fyrir frekari upplýsingar.

50 ára afmælisár KFÍ

KFÍ fagnar sem fyrr séir 50 ára afmæli sínu í ár en félagið var formlega stofnað þann 2. maí árið 1965 af nokkrum ungum og áhugasömum mönnum á Ísafirði. Starfsemi félagsins var öflug á fyrstu árum þess þrátt fyrir erfiðar aðstæður að mörgu leyti m.t.t. aðstöðu til æfinga og keppni og að sjálfsögðu samgangna. Segja má að nýtt blómaskeið félagsins hafi svo hafist upp úr 1990 en félagið varð deildarmeistari 1. deildar 1996 og í kjölfarið skipaði félagið sér í fremstu röð á Íslandsmóti og lék til úrslita gegn Grindavík um bikarinn árið 1998. Á undanföllum árum hefur félagið svo rokkað á milli 1. deildar og úrvalsdeildar og orðið deildarmeistari 1. deildar í þriggja árin 2003, 2010 og 2012.

Á þessum 50 árum hefur fjöldi frábærra leikmanna, þjálfara og sjálfboðaliða komið að starfi KFÍ. Fjöldi fólks hefur því lagt hönd á plóg við að halda félaginu gangandi í gegnum súrt og sætt á þessum 50 árum. Ljóst er að starfsemi félags eins og KFÍ væri ómöguleg án stuðnings

Stefnt er að því að minnast 50 ára afmælisins þegar liður á haustið með margvíslegum hætti og munu frekari fréttir af því berast úr herbúðum KFÍ þegar nær dregur.

Körfuknattleiksdeild KFÍ



Petta byrjar allt hjá KFÍ!



Komdu í KÖRFU!



Flokkur/f.ár	mánud.	þriðjud.	miðvikud.	fimmtud.	föstud.	laugard.	sunnud.
Þróttaskóli KFÍ 2010-2013						Torfnæs 11:00-12:00	
Krílakarfa 2010-2011			Austurvegur 16:10-16:50				
Krakkakarfa 2008-2009			Bolungarvík 17:00-17:45			Austurvegur 10:00-11:00	
Minnibolti yngri stúlkur 2007		Bolungarvík 17:00-18:00				Torfnæs 11:00-12:00	
Minnibolti yngri drengir 2007		Bolungarvík 17:00-18:00				Torfnæs 12:00-13:00	
Minnibolti eldri stúlkur 2005-2006	Torfnæs 16:00-17:20		Torfnæs 16:40-17:40			Bolungarvík 10:00-11:00	
Minnibolti eldri drengir 2005-2006	Torfnæs 16:00-17:20				Torfnæs 16:00-17:20	Bolungarvík 12:00-13:00	
7. flokkur stúlkur 2002-2004	Torfnæs 17:00-18:10		Torfnæs 17:40-19:00		Torfnæs 15:20-16:40	Bolungarvík 11:00-12:00	
8. flokkur drengir 2002-2003		Torfnæs 17:50-19:00			Torfnæs 14:00-15:20	Torfnæs 12:00-13:00	
10. flokkur drengir 2000-2002	Torfnæs 19:50-21:30	Torfnæs 17:50-19:00			Torfnæs 17:00-19:00		Torfnæs 15:00-17:00



Allir velkomnir að prófa æfingar

Æfingatöflur Körfuknattleiksdeildar KFÍ eru á heimasíðu KFÍ undir Yngri flokkar > Æfingatöflur

Fylgstu með okkur á <http://www.kfi.is> og smelltu á „líka við“ á KFÍ yngri flokkar á Facebook



Ásdís Thoroddsen
kvikmyndagerðarkona

Leikstjóri af lífi og sál

Laugardagskvöldið 3. október og sunnudagsmorguninn eftir söfnuðust allmargir Flateyringar saman í samkomuhúsi bæjarins til að líta augum nýja heimildarmynd um þorpið, lífsbaráttu þess og þorpsbúa. Heimildarmyndin Veðrabrigði hefur verið ein sex ár í smíðum og eitthvað hefur hún flakkað milli ábyrgðarmanna. Sú sem þó leiddi vinnuna til loka og leikstýrði er Ásdís Thoroddsen. Hún situr nú fyrir svörum hjá Bæjarins besta.

Ásdís fæddist í borg óttans í febrúar 1959, hún var yngsta barn Sigurðar Thoroddsen verk-

fræðings og Ásdísar Sveinsdóttur silfursmiðs. Sigurður var sonur Skúla Thoroddsen og Theodóru Thoroddsen sem bjuggu á Ísafirði fyrir meir en einni öld. Skúli var bæjarfógeti á Ísafirði og sýslumaður Ísafjarðarsýslu á þeim tíma auk þess að vera kaupmaður og ritstjóri Þjóðviljans, og sem slíkur eindreginn málsvari Landvarnarmanna og sjálfstæðismanna eldri. Theodóra er þekkt af skáldskap sínum.

Um Skúla spunnust hin frægu Skúlamál sem hófust með grunsamlegu láti Salomons nokkurs Jónssonar sem í desember 1891

fannst látinn á Klofningsheiði og var samferðamaður hans Sigurður skurður grunaður um að hafa verið valdur að dauða hans. Andstæðingar Skúla í stjórnámálum fetu finger út í embættisfærslu hans í máli Sigurðar skurðs og var honum vikið úr starfi 1892 eftir ofanefnd Skúlamál. Hann var sýknaður í Hæstarétti árið 1895 og á ný boðið sýslumannsembætti sem hann hafnaði en sneri sér að þingstörfum og ritstjórn. Enn þann dag í dag getur hitnað í kolunum þegar afkomendur Sigurðar og Skúla ræða Skúlamál, flestum þykir líklegt að Salomon

hafi orðið úti og að Sigurður skurður hafi verið alsaklaus en meðferð valdsmanna á Skúla hafi sömuleiðis farið út fyrir öll velsæmismörk.

Ásdís er víðföruð kona þó lengst af hafi hún búið í þorpinu 101 Reykjavík þar sem hún ólst upp með þremur systkinum. Foreldrar hennar voru talsvert fullorðin þegar hún fæddist og segist hún sennilega hafa þennan áhuga á þjóðfélagsmálum og sagnfræði vegna umræðu á heimilinu þegar hún var að alast upp. Ásdís hleypti snemma heimdragnum og nam kvikmyndagerð í

Berlín og hennar fyrsta verkefni í faginu er okkur Vestfirðingum að góðu kunn því myndin Ingaló er að mestu tekin upp hér fyrir vestan, á Flateyri og á Ströndum. Ingaló er kvikmynd í fullri lengd og fékk víða góða dóma, sérstaklega í Þýskalandi og Frakklandi. Hún var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes og „ég var í endalausum kokteilboðum í 2 eða 3 ár“ segir Ásdís og hlær. Næsta mynd Ásdísar var myndin Draumadísir og fjallaði hún um unglingssáturkur í Reykjavík, það er skemmst frá því að segja að sú mynd fór ekkert sérstaklega vel í





Ásdís og Arnar Þórisson ljósmyndari.

landann en náði ágætum árangri í sjónvarpi í Þýskalandi og Frakklandi. Löngu síðar vann hún sem aðstoðarmaður leikstjóra, Dags Kára Péturssonar við tökum á Nóa albínóa, en sú mynd var aðallega tekin upp hér vestra.

Ásdís á tvö börn, Gunni sem fædd er 1988 og Grímkel fæddur 1996. Árið 2004 flutti Ásdís með soninn til Patreksfjarðar og gerðist safnstjóri í Örlygshöfn í forföllum þess er fyrir var. Eitt verkefnanna sem fyrir lá var að safna saman þeim bátasmiðum sem enn kunnu fagið og fjármagna smíði á bát, súðbyrðing, eins og bátar voru á öldum áður. Það tókst og einhenti Ásdís sér í að efna í kvikmynd um smíðina og sögu bátasmiða á Norðurlöndum frá örófi alda. Fyrir utan heimildarmyndina var afraksturinn einnig fjögurra klukkutíma kennslumyndband, hvernig skuli smíða bát, sem útteilt er meðal annarra námsgagna á námskeiðum í bátasmiði hjá Iðunni endurmenntunarföndun.

Skálda- og listagyðjan var virkilega með í ráðum þegar Ásdís var hönnuð á sínum tíma því fyrir utan kvikmyndagerðina hefur hún skrifað leikrit og útvarpsleikrit. Útvarpsleikrit hennar „Ástand“ var flutt í tveimur þáttum og hlaut góðar viðtökur og tilnefnt til Prix Europa, ljósvakaverðlaunanna. Við samningu á „Ástandi“ studdist Ásdís mikið við bókina „Úr fjötrum, íslenskar konur og erlendur her“ eftir Herðísi Helgadóttur og önnur fræðirit sem fyrir lágu. Auk þess að setja upp eigin verk hjá Útvarpsleikhúsi hefur hún einnig leikstýrt fjölmörgum öðrum verkum, innlendum sem erlendum.

Þá skrifaði hún einleikinn „Ódó á gjaldbuxum“ og setti upp í samvinnu við Hafnarfjarðarleikhúsið. Var hann fluttur á einleikjahátíðinni Act alone hér fyrir vestan.

Undanfarin 20 sumur hefur Ásdís fylgt erlendum ferðamönnum um landið og frætt um land og þjóð og býr þar vafalaust að góðum undirbúningi úr foreldrahúsum. Ásdís er skýrmælt og talar fallegt mál, það kemur því ekki á óvart að hún hefur um

árabil lesið inn á hljóðbækur fyrir Hljóðbókasafnið. „Þar les ég fullt af bókum af öllu tagi, líka þær sem ég hefði aldrei látið mér detta í hug að lesa“, segir hún og bætir við að það sé hollt og víkki sjóndeildarhringinn.

Kærasti Ásdísar er Pétur Magnússon myndlistarmaður og saman hafa þau tekið hús á Raufarhöfn í fóstur. Það er þannig tilkomið að á Raufarhöfn stóðu nokkur hús í niðurníðslu og var ákveðið að gefa þau aðilum sem voru tilbúin til að skuldbinda sig til að gera þau upp að utan, innan ákveðins tíma. Vinafólk þeirra Ásdísar og Péturs höfðu farið norður og tekið að sér eitt hús svo þau helltu sér út svona verkefni líka og tóku að sér elsta verslunarhús KNP (Kaupfélags Norður-Þingeyinga) og eru smátt og smátt að gera það upp. Það er tilbúið að utan en talsverð vinna eftir inni. Enn standa uppi gömlu búðarinnréttingarnar og þær prýða neðri hæð hússins, með þeirri litfegurð sem þær báru upprunalega; ljós- og dökkisgrænir og purpurarauðir. Og fyrst þau

voru komin norður lá beinast við að hella sér út í ferðaþjónustu og bjóða þau skötuþjú upp á stangveiðileiðsögn í silungsveiði í lækjum, ám og vötnum Melrakkaslétu og Langaness. Markhópurinn eru útlendingar og hafa Hollendingar helst bitið á agnið, en enn er þetta allt á byrjunarreit.

Á rölti í góða veðrinu á Sléttu í fyrirasumar tók Ásdís eftir gnægð af smálubba, sem er ætisveppur skyldur kúalubba. Nú hefur hún safnað nægilegu magni í sýni sem hún sendi Matís og langar hana að tína, þurrka og koma á markað þessum villisvepp í

fallegum umbúðum. En þetta er hliðarverkefni.

Nýjasta afurð Ásdísar, heimildarmyndin Veðrabrigði er nú komin í loftið, frumsýnd eins og áður sagði á Flateyri 3. október. Myndin mun verða sýnd í Bíó Paradís fyrir jól og í sjónvarpinu á seinna misseri vetrar. Framleiðandi myndarinnar er Hjalmtýr Heiðdal og fjallar hún um þann krappa dans sem lítil sjávarþorp þurfa að dansa með kvótakerfinu. Á Flateyri kristallast afleiðingar kvótakerfisins, sjávarþorp sem vart á sér viðreisnar von eftir að 3000 tonna kvóti var seldur burt úr byggðalaginu. Í myndinni er

ýmsum þorpsbúum fylgt eftir í dagsins önn og sumum yfir langt tímabil. Þá er sýnt frá mörgum hátíðarstundum þorpsbúa; áramótabrennu, stútungu og sjómannadegi. Myndin sýnir á öfgalausán hátt hvað gerist þegar lífsbjörginni er kippt í burtu og öllum má vera ljóst að breytinga er þörf.

Og þegar einu verkefni er fylgt úr hlaði, tekur annað við. Næsta verkefni Ásdísar er heimildarmynd um íslensku kvenbúningana, sögu þeirra og handverkið. Þar er aldeilis af nógu að taka og það verður spennandi að sjá hana í fyllingu tímans. **BS**



Ásdís og Arnar Þórisson ljósmyndari uppi á Þorfinni.



Ásta María Sverrisdóttir

Staða

Gæða og Skráningastjóri hjá Kerecis, sit í stjórn Kvennakórs Ísafjarðar, feministi, móðir og eiginkona

Hvaðan ber þig að?

Ég er fædd og uppalin í Árbænum. Fór í Menntaskólann við Sund, eyddi tveimur árum í Danmörku áður en ég fór í

Stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Eftir nokkur ár á vinnu-markaði flutti ég til Ástralíu þar sem ég fór í mastersnám í Þróunarfræðum. Þar lærði ég að lifa í minimalisma, við áttum búslóð sem við skildum eftir á Íslandi og keyptum aðeins það nauðsynlegasta úti. Það var því svolítið skrytið að koma heim um mitt sumar 2007 þar sem það var

vægast sagt glampi í augunum á landanum. Eftir heimkomuna hóf ég störf hjá Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands. Árið 2011 fékk eiginmaður minn þá flugu í höfuðið að sækja um vinnu á Ísafirði, sem hann og gerði, og fékk. Upphaflega planið var að prufa í tvö ár en í október erum við búin að vera hér í fimm ár, erum orðin húseigendur á Ísafirði, eigum þrjá syni og allir una sér vel hér í leik og starfi. Ég hóf störf hjá Kerecis sem gæða- og skráningastjóri í byrjun árs 2012 og hef fengið einstakt tækifæri til að taka þátt í og þróa starfið innan fyrirtækisins.

Hvati

Ætli það sé ekki bara lífið sjálft. Ég er umkringd skemmtilegu fólki, í frábærri vinnu og á yndislega fjölskyldu, er hægt að hafa betri hvata?

Fyrirmynd


Á menntaskólaárunum las ég Sölku Völku eftir Halldór Laxness. Hún hafði mikil áhrif á mig og ég fór að skoða feminisma í ýmsum myndum. Ég las mikið tímaritið Veru á þessum árum og hef ég skilgreint mig sem feministi síðan. Ætli það sé ekki mín sterkasta pólitíska skoðun. Í gegnum tíðina hef ég kynnst sterkum og skemmtilegum konum sem hafa allar haft áhrif á mig, allar á sinn hátt. Nærtækast er auðvitað að nefna mömmu, systur mína, tengdamömmu, mágkonur og svilkonur en svo eru það vinkonur og samstarfskonur. Best finnst mér að vera í kringum jákvæðar konur sem sjá tækifærin en ekki hindranirnar, kostina en ekki gallana og það allra besta er ekki endilega að vera sammála heldur að

geta tekið þátt í málefnalegum umræðum.

Æskudraumur

Í fyrstu minningu ætlaði ég að verða hjúkrunarkona, rafvirki, balletdansari og búðarkona, auðvitað allt á sama tíma. Ég elst upp við að Vigdís Finnbogadóttir sé forseti og svo Ingibjörg Sólrún borgarstjóri, í mínum huga var sjálfsagt að konur gætu gegnt þessum embættum þó ég hafi líka verið mjög föst í kynhugmyndunum um að pabbinn aki bílnum og mamman eldi mat. Á unglingsárunum hallaði ég mér að félagsvísindunum og hef alltaf ætlað að bjarga heiminum þó með mismunandi hætti, allt frá afbrotafraði til hjálparstarfs í Afríku. Nú bjarga ég heiminum með því að lækna þrálát sár.

asta



Forsíða bókarinnar

Kynnir sögu utangarðsfólks

Á fimmtudag kynnir Sigríður Hjördis Jörundsdóttir bókina „Utangarðs: ferðalag til fortíðar“ í Safnahúsinu á Ísafirði og í Samkomuhúsinu á Flateyri. Bókina skrifaði Sigríður Hjördis ásamt Halldóru Kristinsdóttur og er viðfangsefnið einstaklingar á 19.öld sem af einhverjum ástæðum féllu ekki inn samfélag samtímans. Í bókinni, sem er afar fróðleg, er sagt frá utangarðsfólki

og förufólki á Vesturlandi og Vestfjörðum frá síðari hluta 18. aldar og fram á fyrstu ár 20. aldar. Saga einstaklinganna er rakin og dregin fram skjöl og handrit sem tengjast þeim. Í vinnu sinni fundu þær að slóðir utangarðsfólks leyndust ótrúlega víða og kom fjöldi þess þeim á óvart.

Í stuttri kynningu á bókinni sem kemur út í mánuðinum segir „alþýðu manna var þröngur

stakkur skorinn í sveitasamfélaginu á Íslandi fyrr á tíð. Þeir sem voru „öðruvísi“ — til dæmis bókabéusar og þeir sem hneigðust til lista, fatlað fólk og veikt eða þeir sem höfðu misst fótanna

í lífinu — lentu gjarnan utangarðs og áttu ógöða ævi.“

Kynningin í Safnahúsinu á Ísafirði hefst kl 17:00 og kl. 20:30 í Samkomuhúsinu á Flateyri.



Vélvirki/Bifvélavirki á Ísafirði

Bifvélavirki/vélvirki óskast á verkstæði Vega Gerðarinnar á Ísafirði. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið

- Viðhald og lagfæringar á vinnuvélum Vega Gerðarinnar
- Viðhald og lagfæringar á vegbúnaði, m.a. veðurstöðvum og myndavélum
- Ýmis vinna í starfsstöð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Bifvélavirki eða vélvirki
- Reynsla af viðgerðum á vinnuvélum er æskileg
- Meirapróf bifreiðastjóra
- Vinnuvélaréttindi eru æskileg
- Þekking á rafmagni er æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Ingi Ásvaldsson í síma 522 1650

Snerpa er að leggja nýja ljósleiðara um Ísafjörð og víðar. Mun þá gefast kostur á nettengingum sem eru með hámarksgæði og án þeirra takmarkana sem felast yfirleitt í núverandi samböndum yfir langa koparstrengi.

Með þessum framkvæmdum stendur Snerpa mun framar samkeppnisaðilum. Sem dæmi eiga notendur í efri bænum á Ísafirði nú þess kost að tengjast Smartnetinu þar sem heimtaugar Snerpu eru um 800 metrum styttri en hjá öðrum fjarskiptafyrirtækjum.



Er Smartnetið á leiðinni heim til þín - eða jafnvel komið?
- Frekari upplýsingar á vefslóðinni smartnet.is



Mánagötu 6 - Ísafirði - sími 520-4000

CLINIQUE

Clinique dagar í Lyfju Ísafirði dagana 8. - 14. október.

Kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr eða meira.*

20%
afsláttur af Clinique vörum
fimmtudag og föstudag.



Kaupaukinn inniheldur:

Turnaround overnight revitalizing
Moisturizer **NYTT**
Turnaround dagkrem **NYTT**
Liquid facial soap mild
Duo eyeshadow
Cubby stick gloss
High impact mascara

*á meðan byrgðir endast.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

Sérfræðingur frá Clinique verður í
Lyfju, fimmtudag og föstudag.

LYFJA
– Lifið heil

Þér er boðið að taka þátt í ævintýri



Fyrir skemmstu var skrifað undir þjóðarsáttmála um læsi hér í Ísafjarðarbæ, líkt og víða um landið. Allir geta verið sammála um að bæta má læsi barna, í því átaki þurfa allir að taka þátt og foreldrar eru þar í lykilhlutverki.

Ísafjarðarbær ýtti síðastliðinn vetur úr vör verkefni sem fengið hefur nafnið „Stillum saman strengi“. Upphaf þess var að allir skólastjórnendur komu sama og settu sér sameiginlegt markmið „Við ætlum að bæta námsárangur barna í Ísafjarðarbæ, fyrir börnin, sjálfsmynd þeirra og framtíð. Við viljum að fólk flytji vestur af því hér séu mjög góðir skólar“. Mikil vinna var unnin í framhaldi mark-

miðssetningarinnar, við fengum sérfræðinga úr ýmsum áttum að verkefninu, settum á stofn læsisteymi, stærðfræðiteymi og leikskólategymi. Teymin eru nú langt komin með að skrifa stefnu sveitarfélagsins bæði í stærðfræði og læsi. Einnig var farið yfir hraðamarkmið árganganna og sett upp skimunaráætlun frá 2-16 ára, þar sem fylgst verður með árangri og aðstoð veitt um leið og þörf krefur.

Stýrihópur verkefnisins hefur fundað með öllum kennurum leik- og grunnskóla og haldið allmarga foreldrafundi þar sem verkefnið hefur verið kynnt og fólk hvatt til samstarfs. Allt

skólastarf litaðist síðastliðinn vetur af auknum áherslum á stærðfræði og lestur. Lestrarsprettir og lestrakeppnir fóru fram í öllum grunnskólum. Gaman var t.d. að koma inn á leikskólana þar sem minnstu börnin voru að leika sér með bókstafi og þau mjög meðvituð um hver ætti hvaða staf.

Ég get með stolti sagt að það fer mikið og gott starf fram í skólunum okkar, í dag, starfsmenn eru líklega meðvitaðri en nokkru sinni um mikilvægi þess að vera stöðugt að hugsa um læsi og tengja það öllu starfi skólans.

Nú í haust byrjaði nýtt skólaár af krafti. Allt grunnskólastarf hófst með foreldraviðtölum þar sem nemendur og foreldrar settu sér markmið fyrir komandi vetur og féll það í góðan jarðveg meðal foreldra og nemenda. Stýrihópurinn fyrirnefndi hefur heimsótt foreldrafundi leikskólanna með örnámskeið. Þar er rætt um hlutverk foreldra og hvað þeir geta gert til að undirbúa lestrar- og stærðfræðinámskóla barna sinna. Í haust var einnig ráðinn sérstakur verkefnisstjóri í læsisáttakið.

Þeir sem kynnt hafa sér hinar ýmsu niðurstöður og rannsóknir um skólamál vita að í þessa vegferð förum við ekki ein. Nemandinn og umhverfi hans er í lykilhlutverki og þar fara foreldrar fremstir í flokki um leið og samfélagið í heild skiptir einnig miklu máli í að vekja áhuga og hvetja til dáða. Það er æfingin sem skapar meistaran. Ætla þú ekki að taka þátt í þessu ævintýri?

Margrét Halldórsdóttir



Vélamaður á Ísafirði

Starfvélamanns hjá þjónustustöðinni á Ísafirði er laust til umsóknar. Um 100% starf er að ræða.

Starfssvið

- Viðhald, þjónusta og nýbyggingarvega á starfssvæði Vegagerðarinnar á Ísafirði
- Ýmis vinna í starfsstöð á Ísafirði

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almennt grunnnám
- Almenn ökuréttindi, meirapróf er æskilegt
- Vinnuvélaréttindi
- Reynsla af vegheflun er æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Björgvinsson 522 1661

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við jafnréttisáætlun Vegagerðarinnar eru konur með umbeðnar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur um stöfin er til 19. október 2015. Umsóknir berist mannauðsstjóra Vegagerðarinnar netfang oth@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um menntun og hæfni umsækjenda m.t.t. þeirra hæfniskrafa sem gerðar eru.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



Fuglinn í fjörunni

Fjórir ónafngreindir einstaklingar skiptast á um að tjá sig í þessum dálki

Landsbankinn, banki allra landsmanna?

Fuglinn í fjörunni ætlaði að fjalla um ónýt kvótakerfið og fólksfækkunina sem kom í kjölfarið. Hann ætlaði að rifja upp tímann fyrir 30 árum, þegar iðandi mannlíf var í hverjum firði. Samfélagið breyttist. Læknirinn fór, hjúkrunarfræðingurinn, presturinn var færður til og sýslumaðurinn. Heilsugæslur sameinaðar og hjúkrunarheimili aflögð. Grunnskólarnir í litlu þorpunum eiga undir högg að sækja, annað hvert ár kemur til laga um að flytja þá undir stærri einingu. Sumir hefðu kallað þetta hnignun, aðrir samþjöppun

sem hluti af hnattvæðingu. Vestfirðingar líkt og aðrir fara ekki varhluta af því. Fólksfækkun er alþjóðlegt fyrirbæri.

Afram þarf að kreista hámarksarðsemi útúr hverri starfsgrein. Ríkið og sveitarfélög ganga á undan með góðu fordæmi.

Stefnt er að einkavæðingu heilbrigðiskerfisins, kannski er hún löngu byrjuð og við vitum ekki af því. Heilsugæslan á Patreksfirði er rekin frá Ísafirði. Enginn læknir lengur með fasta búsetu á Patreksfirði.

En að bankanum mínum, Landsbankanum. Það á að byggja

nýjar höfuðstöðvar bankans við höfnina í Reykjavík og er áætlaður kostnaður sagður um átta milljarðar króna. Með lokun útibúa á landsbyggðinni sparast um 50 milljónir króna á hverju útibúi. 150 milljónir náðust sem sagt inn í þessari umferð niðurskurðar á Vestfirðum. Hvaða útibú skyldu fara næst undir hnífinn? Það vantar enn dágóðan pening uppí byggingarkostnaðinn.

Ásmundur Einar Daðason þingmaður Framsóknarflokksins spurði í pistli á Eyjunni í sumar hvort bankinn væri með lokunum útibúa vítt og breitt um landið að

safna fyrir útborgun í nýjar höfuðstöðvar bankans? Hann var ekki sáttur með að bankinn skildi velja dýrustu lóðina í Reykjavík undir höfuðstöðvarnar, það væri „hrein og klár ögrun við almenning sem væru eigendur bankans eftir að ríkið hafði endurreist hann eftir bankahrunið.“

Það þarf að fylgja eftir þessum hugleiðingum þingmannsins og fá svör frá ráðamönnum. Þarna kemur það skýrt fram að það er almenningur, það erum við fólkið í landinu sem á þennan banka.

Einu sinni áttu Vestfirðingar þingmenn sem þorðu að berjast í

borðið í mótmælaskyni þegar á þurfti að halda. Ætli Ásmundur Einar sé maður að meiri og þori að ganga í málið? Hef enn ekki séð til hans í fjölmiðlum eftir atburði síðustu vikna.

Fyrir hverja er bankinn? Er bankinn fyrir fólkið eða fólkið fyrir bankann? Hefur bankinn engar skyldur sem ríkisbanki?

Spurning hvort maður hætti áratugalöngum viðskiptum við þennan banka svona í mótmælaskyni. Spurning um að fá launin útborguð í peningum. Er það hægt? Ég ætla að hringja í launadeildina í fyrramálið.



HÚSASMIDJAN

TAX FREE MARAPON

LÝKUR UM HELGINA!

Fjöldi vöruflokka og vörumerkja á Tax free afslætti*
1.-11. október í Húsasmiðjunni.

Allar flísar • Allt harðparket • Öll búsáhöld • Öll smáraftæki
Allar hreinsivörur • Öll ljós • Black & Decker verkfæri • Stanley verkfæri
Neo verkfæri • Jotun málning og lakk • Anza penslar • Reginox stálvaskar
Damixa blöndunartæki • Jeld Wen innihurðir • Allir haustlaukar
Öll plastbox og -kassar • Sanit hreinlætistæki • PN festingavara
Henrad miðstöðvarofnar • Avasco hillurekkar

SKOÐAÐU BLAÐIÐ Á
www.husa.is





Sportið í beinni...

fimmtudagur 8. október

15:50 Georgía - Gíbraltar
18:35 Skotland - Pólland
18:35 Portúgal - Danmörk
18:35 Írland - Þýskaland
00:30 Golf - PGA Tour

föstudagur 9. október

18:35 England - Eistland
18:35 Spánn - Lúxemborg
18:35 Svartfjallal. - Austurríki
00:00 Golf - PGA Tour

laugardagur 10. október

08:55 F1 - Æfing 3 - Rússland
11:50 F1 - Tímataka - Rússland
15:50 Noregur - Malta
15:50 Kazakstan - Holland
15:50 Aserbaídsjan - Ítalía
18:35 Króatía - Búlgaría
18:35 Bosnía - Wales
18:35 Tékkland - Tyrkland
21:45 Ísland - Lettland
01:30 Golf - PGA Tour

sunnudagur 11. október

10:30 F1 - Rússland
14:55 Paris St. Germ. - Zagreb
15:50 Serbía - Portúgal
15:50 Færeyjar - Rúmenía
15:50 Finnland - N. Írland
18:35 Pólland - Írland
18:35 Þýskaland - Georgía
18:35 Gíbraltar - Skotland
20:00 D. Cowb. - New Engl. Patr
04:50 Moto GP - Japan

mánudagur 12. október

15:50 Svíþjóð - Moldóva
15:50 Austurríki - Liechtenstein
15:50 Rússland - Svartfjallal.
18:35 Eistland - Sviss
18:35 Litháen - England
18:35 Úkraína - Spánn

þriðjudagur 13. október

18:35 Lettland - Kasakstan
18:35 Holland - Tékkland
18:35 Ítalía - Noregur
21:45 Tyrkland - Ísland

miðvikudagur 14. október

22:00 Körfuboltakvöld

Helgarveðrið

Á föstudag:

Vestlæg átt og dálítill rigning
eða slydda, en þurr á S-landi
og Austfjörðum.
Hiti 1 til 6 stig.

Á laugardag:

Suð austanátt og smáskúrir, en
bjartviðri N- og A-lands. Hiti
breytist lítið.

Á sunnudag:

Sunnanátt og rigning eða
slydda með köflum, en úr-
komulítið á N- og A-landi.

Krossgátan



		ÞRJÓSKAST	GÆLU- NAFN	LOFT- TEGUND		Í RÖÐ	FISKUR	BLÓM
	BAND							
	BÓK				SKAR GÁLUR			
	STREITA					Í RÖÐ MÚTTA		
	SJÚK- DÖMUR							STÓ
	HANDA							
	↓	VANDRÆÐI	FLÝTIR EKKI		FLOKKA MYRKUR			
ÞVERSUM					EIN- HVERJIR FLEY			
ÞVENGUR				MÓT SKAPI			GROBB	
ÞVAGA			TEMUR FARANDI			TÁLBEITA MEGIN		
GÖGG			BAUN BOLMAGN			ÖFUG RÖÐ KVK. SPENDÝR		
GNÓTT					INNYFLI DRYKKUR			ÍLÁT
		RÁF GERST				NABBI RÖLTA		
SOG				ÓSKERT ÁN			FÚI	
TVEIR EINS			BÆTA VIÐ REGLA			RÓL HELDUR BROTT		
FLANA				TALA ÓNEFNDUR			UPP- HRÓPUN ÆTÍÐ	
DÝRKA					FERMA			
ÖTULL					EIN- SÖNGUR			

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983


Lausn á síðustu krossgátu

		ÆTÍÐ	ÁBÓT	GINNA		KLÍÐUR	HLJÓTA ÁVERKA	TRAUST
	BLÁKYARS	A	M	E	T	Y	S	T
	MÓÐURLÍF	L	E	G	HAF MÁNUPUR	S	Æ	R
	MÝKJA	L	I	N	A	ÖREIDA STINGA	R	Ú
	ÞREP	T	R	A	P	P	A	NAFNÞÓT
	SANTÖK FARFA	A	A	TÖFT HRUKKA	R	Ú	S	T
EGÓ	S	J	Á	L	F	ÞÉTTIEFNI HYGGINDI	K	Í
HRÝSSA	M	E	R	I	ÓSKAR GLOPPA	V	I	L
SPL	Á	S	LÍMBAND HJÓRD	T	E	I	P	S
SNÍKJU- DYR	L	Ú	S	ÚTVORTIS SÍLL	Y	T	R	I
BEIN	Í	S	T	A	Ð	MEGIN ERFDÁVISA	A	Ð
	K	ÓSKIPULAG BLER	Ó	L	A	G	FUGL GLÆSIBÍLL	U
KONUST	N	Á	Ð	U	AKUR ÁN	E	K	R
HVORT	E	F	RÖÐ SÆOUR	R	U	N	A	DÁ LÆRIR
ER	S	E	M	STERTUR Í RÖÐ	T	A	G	L
KRASSA	K	R	O	T	A	FARSÍMA	G	E
EFTIRSJÁ	I	Ð	R	U	N	STEFNA	I	S

Sudoku þrautir

5	9							3
	6	4		8				
7	8	2		5			9	
	2		5	7		4		
	5							2
9	7	6	4					
				3	9	2	5	
2	1				8	3		
		5	2	6	9			

	5			2		3	8	
2				4	8			
3	4		9	5	1	6		
1	9	2			4	7		3
7		5	2		3			9
	8	3		7	9			6
8		7	4	6		9	3	2
		9		3				
						1	7	



Ein teikninga Guillermo Zubiaga.

Spánverjavíganna minnst í Ögri

Skilti um Spánverjavígin verður afhjúpað í Ögri á laugardag, en þann dag, 10. október verða liðin 400 ár frá því Ari Magnússon sýslumaður kallaði saman lið í Ögri til aðfarar gegn Böskum sem höfðu komið sér fyrir í Æðey og á Sandeyri á Snæfjallaströnd. Vegna slæms veðurs hélt liðið ekki til Æðeyjar fyrr en þann 13. október. Það kvöld og aðfarnótt þess 14. október 1615 voru 18 Baskar vegnir í Æðey og á Sandeyri, og mun þetta að líkindum mannskæðasta atлага hérlandra yfirvalda gegn óvelkomnum útlandingum frá því að eiginlegt ríkisvald komst hér á á árunum 1262 til 1264. Er sagt að lík skipstjórans, Martins de Villafranca, sé dysjað í Ögrihólmum, en það mun hafa rekið þangað. Er þar síðan kölluð Bullufrankagjá.

Skiltið byggir á efni sýningar um Spánverjavígin sem Baskavínafélagið stendur að í samstarfi ýmsa aðila. Aðalhöfundur texta er Sigrún Antonsdóttir. Guillermo Zubiaga gerði teikningar og Úlfur Kolka og Ólafur J. Engilbertsson sáu um hönnun. Fyrir gerð skiltisins standa Baskavínafélagið á Íslandi, Ögur ehf, Sýslumaðurinn á Vestfjörðum og Súðavíkurhreppur.

smáar

Til sölu vandað rauðbrúnt leðursófasett á Hlíf II. Gott verð. Uppl. í síma 866 7542.

Afhjúpunin verður klukkan hressingu að henni lokinni. Þrjú og boðið verður upp á annska@bb.is

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
 LÍFSSTÍLL með Sigmundi Erni kl. 20.00 og kl. 22.00	 HEIMILD þættir frá Bergvik kl. 20.00 og kl. 22.00	 FÓLK MEÐ SIRRÝ með Sirrý kl. 20.00 og kl. 22.00	 VITI MENN með Karli Th. Birgis kl. 20.00 og kl. 22.00	 HERRA-HORNIÐ með Sigmundi Erni kl. 20.00 og kl. 22.00	 HELGIN með Karli Ágúst kl. 20.00 og kl. 22.00	 SJÓNAR-HORN með Lóu Þórhalls kl. 19.30
 HEILSU-TÍMINN með Gígju Þórðar kl. 20.00 og kl. 22.00	 OKKAR FÓLK með Helga Pé kl. 20.00 og kl. 22.00	 KRYDDJURTIR með Auði Rafns kl. 20.45 og kl. 22.45	 BÓKIN SEM BREYTTI MÉR með Sigmundi Erni kl. 20.30 og kl. 22.30	 DÖMU-HORNIÐ með Sirrý kl. 20.15 og kl. 22.15	 VITI MENN með Karli Th. Birgis kl. 20.30 og kl. 22.30	 MANNAMÁL með Sigmundi Erni kl. 20.00 og kl. 22.00
 KÍKT Í SKÚRINN með Jóa Bachman kl. 20.30 og kl. 22.30	 ÉG BARA SPYR með Rakel Sveins og Rakel Garðars kl. 20.30 og kl. 22.30	 HOLLUSTA & HAMINGJA með Lukku Páls kl. 20.45 og kl. 22.45	 ALLT ER NÚ TIL með Helgu Eir kl. 20.45 og kl. 22.45	 KVENNARÁÐ með Björku Eiðs kl. 20.30 og kl. 22.30	 HERRA-HORNIÐ með Sigmundi Erni kl. 21.00 og kl. 23.00	 FÓLK MEÐ SIRRÝ með Sirrý kl. 20.45 og kl. 22.45
 ÚR SMÍÐJU PÁLS með Páli Steingrims kl. 21.00 og kl. 23.00	 ATVINNULÍFIÐ með Sigurði K. Kolbeins kl. 21.00 og kl. 23.00	 GOLF MEÐ EYFA með Eyfa Kristjáns kl. 21.00 og kl. 23.00	 AFSAL með Rakel Sveins kl. 21.00 og kl. 23.00	 GRILL-SPÆÐINN með Sigurði K. Kolbeins kl. 20.30 og kl. 22.30	 DÖMU-HORNIÐ með Sirrý kl. 21.15 og kl. 23.15	 FÓLK & FRUMKVÆÐI með Sölva Tryggva kl. 21.30 og kl. 23.30
 RIT-STJÓRARNIR kl. 21.30 og kl. 23.30	 ÞJÓÐBRAUT með Páli Magnússyni kl. 21.00 og kl. 23.00	 LÍFSINS LIST með Sirrý kl. 21.30 og kl. 23.30	 ALLT ER NÚ TIL með Helgu Eir kl. 20.45 og kl. 22.45	 HEIMILD þættir frá Bergvik kl. 21.30 og kl. 23.30		
	 4·3·3 með Herði Jóns kl. 21.30 og kl. 23.30		 LÍFSINS LIST með Sirrý kl. 21.00 og kl. 23.00			
			 KÍKT Í SKÚRINN með Jóa Bachman kl. 21.30 og kl. 23.30			

GLÆSILEG DAGSKRÁ Á HRINGBRAUT



Upplýsandi, fróðlegir og stundum ögrandi sjónvarpsþættir. Innlend dagskrá eins og hún gerist best.
Fylgstu með!

Hringbraut er á rás
7 hjá Símanum og
25 hjá Vodafone
og **35** á örbylgjunni.
Dagskráin er öllum opin.

www.hringbraut.is



HRINGBRAUT
við miðlum af reynslu